

Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 6.febrúar 2017
UST201612-129/K.S.J.
10.04.03

Efni: Rangárþing eystra tillögur að deiliskipulagi á Þórsmerkursvæðinu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 14. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögur að deiliskipulagi á Þórsmerkursvæðinu. Svæðin sem tillögurnar ná til eru Húsadalur, Langidalur/Slyppigil og Básar.

Í erindinu kemur fram að deiliskipulagstillögurnar voru áður auglýstar vorið 2015 en vegna tímafresta var nauðsynlegt að auglýsa þær aftur.

Þórsmörk

Eins og fram kemur í greinargerð er Þórsmörk svæði á náttúruminjaskrá nr. 714, en á náttúruminjaskrá eru svæði sem ástæða þykir að friðlýsa skv. lögum um náttúruvernd. Sýna skal sérstaka aðgæslu á svæðum á náttúruminjaskrá. Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er fjallað um réttaráhrif skráningar minja á náttúruminjaskrá. Í 37. gr. laganna kemur fram að forðast beri að raska svæðum á C-hluta náttúruminjaskrár nema að almannahagsmunir krefjist þess. Einnig kemur fram í sömu grein að sýna skuli sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum og tegundum á C-hluta náttúruminjaskrár til að koma í veg fyrir að náttúruleg útbreiðslusvæði eða búsvæði minnki og verndarstaða þeirra versni.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að Þórsmörk er við jaðar friðlýsts svæðis sem er friðland að Fjallabaki. Í 54. gr. laga um náttúruvernd 60/2013 er fjallað um starfsemi og framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, og þar segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði. Um aðra starfsemi og framkvæmdir gildir aðgæsluskylda skv. 6. gr.“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að haft sé í huga við allar framkvæmdir að Þórsmerkursvæðið er á náttúruminjaskrá og í jaðri friðlýsts svæðis. Mikilvægt er að forðast verði allt óþarfa rask og að allar framkvæmdir séu ætíð felldar að umhverfinu.


Vistfræðilegt þol


Ljóst er að vistkerfi í Þórsmörk eru viðkvæm fyrir miklum ágangi og því þarf að íhuga áður en göngubrú verður opnuð hve mikla umferð svæðið þolir t.d. á einum degi. Nú eru áætlaðar framkvæmdir til móttöku ferðamanna innlendra sem erlendra sem heimsækja munu svæðið. Ekki kemur fram í greinagerð hversu mikil fjölgun gesta er áætluð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að íhuga hvort miða skuli móttöku gesta við ákveðinn fjölda á dag þ.e. finna ákveðna ítölu og hafa aðgangsstýringu á svæðinu svo ekki verði um of mikinn átroðning að ræða, sem spillir bæði upplifun þeirra sem svæðið heimsækja og skapar ánauð á landið sjálft.

Hverfisvernd

Umhverfisstofnun tekur undir hverfisverndarákvæði aðalskipulags Rangárbings eystra en þar kemur fram að halda skuli mannvirkjagerð í lágmarki á Þórsmörkursvæðinu og þess sé jafnan gætt að hún leiði til eins lítillar röskunar á umhverfi og lífríki og kostur er.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri